

Þróunarsjóður innflytjendamála

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Vefnámskeið í íslensku sem öðru máli fyrir snjalltæki ætlað börnum á aldrinum 5-7 ára

Nafn styrkþega: Birna Arnbjörnsdóttir v/Icelandic Online - Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

Útdráttur: Icelandic Online Börn 1 er gagnvirkt 40 klst námsefni með leikjaívafi í íslensku sem öðru máli fyrir börn á efsta stigi leikskóla og í fyrstu bekkjum grunnskóla, einkum börn sem eiga erlent mál að móðurmáli, en einnig íslensk börn sem alíst hafa upp í öðru málumhverfi og þurfa á íslenskukennslu að halda. Áherslan er á fyrstu skref lesþjálfunar. Orðaforðinn verður sérsniðinn íslensku skólaumhverfi og – menningu, og daglegum venjum og hlutum sem tengjast því. Námsmarkmið taka mið af Aðalnámskrá leikskóla og grunnskóla í íslensku sem 2.máli. Námskeiðið er öllum opið. Efnið byggir á vefnámskeiðakerfi Icelandic Online www.icelandiconline.com sem hefur verið í þróun frá árinu 2004 sem er aðgengilegt í tölvum og snjalltækjum. Kerfið sem er hannað af sérfræðingum í tölvuhönnun og í kennsluaðferðum tungumála bæði fyrir börn og fullorðna býður upp á ótal möguleika sem þjóna helstu aðferðum tungumálanáms. Útlit, viðmót og námsviðföng kerfisins hafa verið aðlöguð að heimi barna með áherslu á fyrstu stig læsis. Náms efnið er sett fram í þrepum með stigvaxandi þyngd. Viðmótið einkennist af gagnvirkum og fjölbreyttum aðferðum til mál- og lestraræfinga í gegnum leiki og þrautir. Framsetningin er í litríkum myndheimi með söguþræði og skemmtilegum persónum í takt við það sem best gerist í rafrænni tungumálakennslu fyrir börn.

Name of the project: Icelandic language and literacy for beginners age 5-7

Name of grantee: Birna Arnbjörnsdóttir v/Icelandic Online - Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

Project description: Icelandic Online Kids 1 is an interactive game-based course in Icelandic as a second language for older preschool children and those in the first grades of primary school. The course is geared towards children who are learning Icelandic but also children who speak Icelandic as a heritage language. The emphasis is beginning level literacy development. The course objectives follow Curriculum Guides for preschool and the first two years of primary school. The course is open and free. The material is based on Icelandic Online www.icelandiconline.com and is accessible through computers and smart devices. The systems appearance, interface and learning objects and objectives have been adapted to the world of

children with an emphasis on second language development at the early stages of literacy. The study material is characterized by context based, interactive and varied scaffolded language and reading exercises through games and puzzles. The presentation is a colorful world of images that follow the same characters in different storylines throughout the course.